

SIGRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## LESTUR MEÐ HJÁLP TÖLVU – HVAÐ ÞARF TIL?

Nú eru fáanleg margvísleg forrit sem geta aðstoðað fólk með lestrarerfiðleika að lesa og rita. Þessi hjálparforrit eru auðveld í notkun og á viðráðanlegu verði fyrir einstaklinga sem í sumum tilvikum geta fengið aðstoð úr viðkomandi fræðslusjóðum til að kaupa þau. Upplýsingar um styrk fræðslusjóða má nálgast hjá viðkomandi stéttarfélögum.

Búnaðurinn, sem þarf til þess að aðstoðin nýtist til ritunar, er:

- Venjuleg tölva með ritvinnslu- og leiðréttingarforriti.
- Myndskanni sem er nánast til á öllum heimilum og vinnustöðum.
- Íslenska leiðréttingarforritið Púkinn sem gerður er fyrir Office- hugbúnaðarpakkann frá Microsoft.

Til að fá texta lesinn upp þarf að bæta við forriti með íslenskum talgervli sem les allt upp sem birtist á skjánum, líka það sem viðkomandi slær inn. Þannig virkar talgervillinn sem lesþjónn og einnig sem aðstoð við að skrifa rétt þar sem hægt er að fá bókstafi, orð eða setningar lesnar upp jafnóðum og skrifað er. Á íslenskum markaði eru nú tvö forrit með íslenskum talgervlum.

Þau eru:

- ViTal sem er með talgervlinum „Snorra“.
- EasyTutor sem er með talgervlinum „Röggu“.

Bæði þessi forrit koma svo einnig með enskum talgervli.



Til að fá lesþjónana til að lesa texta, sem er á blaði eða í bók, þarf að koma textanum á tölvutækt form og til þess þarf myndskanna. Venjulegur borðskanni hentar ágætlega fyrir stök blöð og minni texta. Þegar skanna á inn heilu bækurnar er betra að nota öflugri skanna. Til að umbreyta skjalinu, sem skannað er inn í OCR í les hæft form, þarf afritunarforrit. Slíkt OCR-forrit fylgir með í EasyTutor-forritinu. Upplýsingar um lesþjónana má t.d. fá hjá Tölvumiðstöð fatlaðra og símenntunarmiðstöðvum.

## ER LESTUR MEÐ HJÁLP LESÞJÓNS ALVÖRULESTUR?

Í danskri rannsókn ("PC læsning, projektbeskrivelse" 2005–2007) er niðurstaðan sú að tölva sem lestrar- og ritstoð getur gefið börnum og fullorðnum, sem eru með ófullnægjandi lestrargetu, aðgang að heimi textans og þar með verið lykll til menntakerfinu og vinnumarkaðinum.

Lestur með hjálp tölvu (lesþjóns) er líka lestur. Þótt lestur sé flókið ferli er hægt að setja aðgerðina upp sem einfalda formúlu:

$$\text{Lestur} = \text{umskráning} \times \text{skilningur}$$

Við hefðbundinn lestur fer fram umskráningin stafa- og hljóðgreining þar sem bókstafir og hljóð verða að orðum. Umskráning með lesþjóni felst í hljóðgreiningu. Hinn eiginlegi lestur, þ.e. lesskilningur og úrvinnsla textans fer hins vegar alltaf fram innra með lesandanum.

Sá sem les með hjálp tölvu og lesþjóns er í lestrarferli eins og sá sem les á hefðbundinn hátt. Tölvan les ekki fyrir hann, hún sér aðeins um umskráninguna, manneskjan leggur til skilninginn.

## UM HÖFUNDINN

Sigrún Jóhannsdóttir er starfsmaður Tölvumiðstöðvar fatlaðra